

Motormax ehf.  
Vatnagörðum 12  
104 Reykjavík

Reykjavík, 18. febrúar 2020  
UST201912-180/E.O.  
07.05.02

### Eftirlit í kjölfar ábendingar um ólöglega efnavöru hjá Bílanausti.

Umhverfisstofnun barst ábending um að efnavara sem er í sölu hjá Bílanausti, Dvergshöfða 2 uppfylli ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 varðandi merkingu varanna og form og innihald öryggisblaða.

Um er að ræða eftirfarandi vöru sem Motormax ehf. er ábyrgt fyrir markaðssetningu á:

Vara	Strikamerki
<i>Heet Gas-line Antifreeze &amp; Water remover</i>	5690763978736

Eftirlit í versluninni á Dvergshöfða leiddi í ljós að varan uppfyllir ekki skilyrði efnalaga nr. 61/2013, reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 1272/2008 sama efnis og reglugerðar nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 1907/2006 sama efnis.

Um kröfur til merkinga, umbúða, öryggisblaða og annars sem féll undir umfang eftirlitsins og þau frávik frá tédum kröfum sem eftirlitið leiddi í ljós vísast til meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

**Umhverfisstofnun veitir Motormax ehf. frest til 11. mars 2020 til að senda stofnuninni:**

- Afrit af íslenskum merkimiða fyrir vöruna sem er uppfærður skv. reglugerð nr. 415/2014 (CLP) á þann hátt að merkingarnar standist kröfur reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 og efnalaga nr. 61/2013, sem og staðfestingu á að ápreifanlegri viðvörun hafi verið komið á vöruna (ljósmynd til staðfestingar).
- Öryggisblöð fyrir vöruna, uppfærð þannig að þau standist kröfur reglugerðar nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) og efnalaga nr. 61/2013.
- Staðfestingu (ljósmynd) á að varan sé ekki höfð aðgengileg viðskiptavinum í samræmi við ákvæði efnalaga nr. 61/2013.

Úrbætur skulu sendar Umhverfisstofnun merktar málsnúmerinu UST201912-180. Rafræn skjöl sendist á [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is).

**Jafnframt er gerð krafa um að vörur á staðnum verði endurmerktar með réttri merkingu þegar hún liggur fyrir og hefur verið staðfest af Umhverfisstofnun.**

Umhverfisstofnun veitir Motormax ehf. hér með frest til 11. mars nk. til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga mun Umhverfisstofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta og meðfylgjandi eftirlitsskýrsla verða birt á vefsetri stofnunarinnar 26. febrúar nk. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmuni sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það til Umhverfisstofnunar og rökstyðja ástæður þess að efni skýrslunnar ætti að njóta leyndar fyrir 26. febrúar nk.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að þótt aðeins séu gerðar kröfur varðandi þessa tilteknu vöru gæti verið þörf á úrbótum varðandi fleiri vörur hjá fyrirtækinu til að þær standist kröfur efnalaga eða reglugerða settra á grundvelli þeirra.

Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnuninni heimilt að beita þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögnum, til að mynda með áminningu sbr. 55. gr., álagningu dagsekta sbr. 56. gr. og stöðvun markaðssetningar sbr. 57. og 58. gr.

Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 innheimtir stofnunin tímagjald vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 30 gr. gjaldskrárinnar. Komi ekki til frekari eftirfylgni eða beitingar þvingunarúrræða í þessu máli verður ekkert gjald innheimt.

Upplýsingar um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna á heimasíðu Umhverfisstofnunar<sup>1</sup>. Kröfur um form og innihald öryggisblaða er að finna í viðauka við reglugerð (ESB) 2015/830<sup>2</sup>.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðinga stofnunarinnar, Einars Oddssonar, til að fá nánari upplýsingar um skyldubundnar merkingar og Ísaks Sigurjóns Bragasonar um skyldur varðandi öryggisblöð, í síma 591-2000 eða í gegnum netföngin [ainar.oddsson@ust.is](mailto:ainar.oddsson@ust.is) og [isak.bragason@ust.is](mailto:isak.bragason@ust.is).

Virðingarfyllst,



Einar Oddsson  
Sérfræðingur



Ísak Sigurjón Bragason  
Sérfræðingur

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla

<sup>1</sup> <https://ust.is/atvinnulif/efni/flokkun-og-merking/>

<sup>2</sup> <https://www.efta.int/sites/default/files/documents/legal-texts/eea/other-legal-documents/translated-acts/icelandic/i32015R0830.pdf>